

Tilkynning stjórnar TIF til kröfuhafa um greiðslur úr innstæðudeild sjóðsins í kjölfar hruns íslensku bankanna haustið 2008 og síðar.

Stjórn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF eða sjóðurinn) hefur gefið út ákvörðun dags. 8. september 2011 um hvernig greiðslum úr innstæðudeild sjóðsins verður háttað í kjölfar hruns íslensku bankanna haustið 2008 og síðar. Ákvörðunin hefur verið birt í heild sinni á heimasíðu sjóðsins www.tif.is og vísast til hennar til skýringar og fyllingar á þeim upplýsingum sem hér fara á eftir. Kröfuhafar geta einnig óskað þess að fá ákvörðunina senda í pósti.

Umrædd ákvörðun stjórnar TIF kann að hafa mikil áhrif á réttindi kröfuhafa, en afstaða stjórnar TIF er sú að greiða eigi innstæðueigendum Landsbanka Íslands hf. fyrst allra kröfuhafa innstæðudeildar sjóðsins. Stjórn TIF lítur svo á að greiðsluskylda sjóðsins hafi orðið virk síðar í tilviki annarra aðildarfyrirtækja sjóðsins. Afleiðing þessarar ákvörðunar er sú að engar eignir teljast hafa verið til staðar í TIF þegar greiðsluskylda varð virk í öðrum tilvikum á árinu 2008. Fyrirséð er því að kröfuhafar Kaupþings banka hf. og Glitnis banka hf. fá ekki greiðslur úr innstæðudeild TIF að svo stöddu.

Vegna þessa er hér með skorað á kröfuhafa TIF að kynna sér ákvörðun stjórnar TIF. Jafnframt er skorað á kröfuhafa TIF að koma skriflega á framfæri athugasemdum og andmælum sínum vegna ákvörðunar þessarar innan tveggja mánaða frá birtingu hennar. Ekki verður tekin afstaða til fyrirspurna og/eða ábendinga sem berast eftir umrætt tímamark. Komi ekki fram athugasemdir eða andmæli við ákvörðun þessa mun stjórn TIF halda áfram útgreiðsluferli í samræmi við ákvörðun sína.

Skrifleg andmæli, athugasemdir eða fyrirspurnir skulu berast TIF annað hvort í gegnum tölvupóstinn tif@tif.is eða á eftirfarandi pósthfang:

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta
b.t. stjórnar TIF
Borgartúni 35
105 Reykjavík.